Félagsráðgjafafélag Íslands

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Skilað í samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík 18. ágúst 2021

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við Framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til 2030.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við Framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til 2030 en skýrslan er afurð af geðheilbrigðisþingi sem haldið var í desember 2020 þar sem mótuð var framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til 2030. Félagið fagnar þeirri vinnu sem heilbrigðisráðuneytið hefur tekist á hendur undanfarin misseri í geðheilbrigðismálum. Skýrslan er vel unnin og tengir við áhersluþætti Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 sem samþykkt var á Alþingi 2019. Geðheilbrigðisþing, vinnustofur og sú áhersla ráðuneytisins á að fá sem víðtækast samráð fagfólks og haghafa er sannarlega skref í rétta átt. Getur félagið tekið undir og stutt marga þætti sem koma fram í skýrslunni. Framtíðarsýninni er lýst með sjö grunnstoðum: *Forysta til árangurs; Rétt þjónusta á réttum stað; Fólkið í forgrunni; Virkir notendur; Skilvirk þjónustukaup; Gæði í fyrirrúmi; og Hugsað til framtíðar* en mikill samhljómur er á milli þátta og talsverð skörun. Félagsráðgjafafélag Íslands vill draga fram og leggja áherslu á eftirfarandi atriði úr skýrslunni:

Undir liðnum *Forysta til árangurs* er meðal annars fjallað um að skilvirkt stjórnkerfi og stjórnendur með góða leiðtogahæfileika sé grundvöllur þess að heilbrigðiskerfið geti gegnt hlutverki sínu. Þá þurfi kerfið að vera vel fjármagnað, vel skipulagt og hlutverk heilbrigðisstofnana skilgreint svo það mæti þörfum fólks. Einnig verði að gera nauðsynlegar kröfur til menntunar og færni heilbrigðisstarfsfólks og að nauðsynlegar gæða- og öryggiskröfur séu gerðar til stofnana. Helstu ógnanir séu skortur á reglubundinni þjónustu til að sporna gegn og koma í veg fyrir bráðavanda. Auk þess sem fjárveitingavald sé óstöðugt og fari eftir pólitískum áherslum hvers tíma. Fram kemur að kjaramál geti leitt til atgervisflótta fagstétta sem raskar gæðum, skipulagi og samfellu í þjónustunni. Félagsráðgjafafélag Íslands vekur athygli á því að það er sannarlega sá raunveruleiki sem Landspítalinn stendur frammi fyrir um þessar mundir og þarfnast tafarlausra lausna.

Liðurinn *Rétt þjónusta á réttum stað* ávarpar skipulag heilbrigðisþjónustu þar sem meðal annars er vikið að örum framförum innan heilbrigðisvísinda og heilbrigðistækni sem kalla á sveigjanleika og breytingar sem geti falist í því að sameina árangursríka þjónustuþætti og þjappa saman færni, kunnáttu og þekkingu frekar en að dreifa kröftum um of. Þarna getur fjargeðheilbrigðisþjónusta sem nefnd er undir Forysta til árangurs komið að góðu gagni. Tryggja þarf almenna og sérhæfða þjónustu fyrir alla hópa og

stuðla að aukinni sérþekkingu meðal annars á jaðarsetningu í samstarfi við þau sem hafa reynslu af jaðarsetningu. Ákjósanlegt er að stofna ráðgjafahóp í tengslum við geðheilsuteymi heilsugæslunnar með þeim sem hafa upplifað jaðarsetningu í eigin lífi. Jafnframt þarf að tryggja aðgang að fjölbreyttum fagstéttum innan skóla og heilsugæslu, svo sem félagsráðgjöfum auk þess að bjóða upp á fjarþjónustu. Félagsráðgjafafélag Íslands vill einnig taka undir mikilvægi þess að þegar verði hafin undirbúningur byggingar nýrrar geðdeildar Landspítala.

Fjallað er um *Fólkið í forgrunni* þar sem bent er á að umbætur í íslenska heilbrigðiskerfinu grundvallist á því að vel sé hugað að þeim mannauði sem þar starfar. Tryggja þurfi nægan fjölda af hæfu starfsfólki, góðar vinnuaðstæður og mönnun sé í samræmi við umfang og eðli þjónustunnar. Félagsráðgjafafélag Íslands tekur sérstaklega undir mikilvægi þess að efla heilsugæsluna og geðheilsuteymin ásamt því að bæta launakjör, aðbúnað starfsfólks, handleiðslu og endurmenntun.

Rætt er um mikilvægi þess að efla heilsulæsi og tryggja að fólk hafi aðgang að upplýsingum sem geri því kleift að skilja hvaða þættir hafa áhrif á heilsu og vellíðan undir liðnum *Virkir notendur*. Fram kemur að helstu ógnanir felist í því að notendur hafi ekki sömu sýn og fagfólk auk þess sem misræmi sé í tali og nálgun mismunandi fagaðila. Þá sé geðheilbrigðiskerfið brotakennt, skortur á yfirsýn og boðleiðir langar auk þess sem biðlistar séu of langir og fjármagn ekki í samræmi við umfang málaflokksins. Helstu tækifæri felist í því að nýta Heilsuveru sem upplýsingabanka, nýta fjarþjónustu og bæta samvinnu kerfa. Að mati Félagsráðgjafafélags Íslands þarf skýra stefnu og sameiginlega hugmyndafræði og tungutak til að bæta samvinnu við notendur, milli fagfólks og stofnana bæði innan heilbrigðiskerfisins og milli heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og skólaþjónustu. Þá þarf að tryggja valfrelsi, batamiðaða nálgun og valdeflingu notenda þjónustunnar.

Í skýrslunni er bent á að helstu ógnanir við *Skilvirk þjónustukaup* sé skortur á heildrænu skipulagi og að eftirlit sé ekki nægilega gott sem eykur lýkur á ómarkvissum þjónustukaupum. Þá geti togstreita á milli kerfa varðandi ábyrgð haft neikvæð áhrif á þjónustuna. Tækifæri eru talin felast í að hanna rafrænan leiðarvísi um þjónustu og réttindi sem leiði notandan í gegnum valmöguleika. Nýta þurfi reynslu og þekkingu erlendis og innanlands varðandi tækniframfarir, fjarþjónustu og gerfigreind auk þess að nýta styrkleika fólks og styðjast við valdeflandi hugmyndafræði. Þá þurfi að tryggja að enginn „falli milli skips og bryggju“ en til að það nái fram að ganga er mikilvægt að leggja áherslu á batamiðaða þjónustu, auka samráð við notendur og félagasamtök og stuðla að aukinni nýsköpun á félagslegum úrræðum fyrir jaðarsetta.

Grunnstoðin *Gæði í fyrirrúmi* snýst um gæði og öryggi auk gæðavísa sem sýna árangur þjónustunnar. Fram kemur að margvíslegar framfarir bæti þjónustuna en um leið verði hún flókari. Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir mikilvægi þess að tryggja að fólki verði ekki vísað á marga staði og á milli kerfa og að of langir biðlistar geti verið orsök

þess að fólk fari á milli. Efla þarf sérhæfingu frekar en að margir séu að gera það sama og skilgreina þarf geðheilbrigði út frá jákvæðri heilsu.

Sjöunda grunnstoðin er Hugsað til framtíðar þar sem horft er til vísinda, menntunar og nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu, möguleika Íslands á sviði heilbrigðisvísinda, að menntun heilbrigðisstétta taki mið af íslenskum aðstæðum og ný tækni, lyf og nýsköpun á sviðinu sé metin og innleidd á kerfisbundin hátt. Auðvelt er að taka undir þá þætti sem koma fram undir þessum lið en Félagsráðgjafafélag Íslands vill sérstaklega vekja athygli á eftirfarandi:

- Heilsugæslan verði efld sem fyrsti viðkomustaður og þjónustan verði gerð þverfaglegri meðal annars með aðkomu félagsráðgjafa.
- Geðheilsuteymi verði efld og tryggt að sjónarmið notenda verði í öndvegi.
- Stuðningur og fræðsla fyrir foreldra verði stóraukin með áherslu á fyrstu 1000 dagana í tilveru barns.
- Geðrækt verði hluti af aðalnámskrá grunnskóla.
- Atvinnutækifærum fyrir ungmenni og fólk með geðrænar áskoranir verði fjölgað auk þess að tryggja virkni eða nám við hæfi.
- Þegar verði hafist handa við að byggja nýtt húsnæði fyrir geðdeild Landspítala.
- Hugmyndafræði og innihald endurhæfingar og meðferðar verði tekin til endurskoðunar, meðal annars í samstarfi við notendur og félagasamtök.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að taka þátt í samstarfi um mótun nýrrar geðheilbrigðisstefnu sem byggir meðal annars á þeirri góðu vinnu sem fram fór á geðheilbrigðisþingi og í vinnuhópum. Félagið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er félagið tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður

Umsögnin er unnin í samstarfi við fagdeild félagsráðgjafa í heilbrigðisþjónustu.